




Háteigur



10. árgangur 8. tbl.

27. október 2006

VETRARFRÍ 2. – 6. NÓVEMBER

<http://www.hateigsskoli.is>

Frá skólastjóra

Litli völlumurinn

Skólastjórnendur og umsjónarmaður í Háteigsskóla hafa barist lengi fyrir því að litli völlumurinn yrði lagaður. Enginn hefur verið tilbúinn til þess því að Reykjavíkurborg á ekki völluminn. Kennaraháskólinn á völluminn en í reynd er hann hluti af fyrirhugaðri sundlaugarbyggingu sem aldrei verður byggð. Með munnlegu samkomulagi við rektor KHÍ fær Háteigsskóla að nýta svæðið sem fótboltavöll og hefur svo verið að minnsta kosti þá tíð sem skólastjóri man eftir. Skólastjóri starfaði fyrst við skólann sem kennari vorið 1982. Allan þennan tíma hefur stór steinn verið að pota sér upp úr vellinum og var fyrir löngu orðinn hættulegur börnum sem leika sér á vellinum. Allir þeir sem leitað hefur verið til sögðu: „Nei, ekki ég.“ 5. september komu hingað röskir menn að setja upp kórpu og með þeim var Ámundi gröfumaður. Ámundi skildi vel hvað skólastjórinn var að segja, ók gröfunni að steininum og fjarlægði hann. Svona geta sum vandamál verið auðleyst. Þetta er mjög sögulegt því að nú er steinninn loksins farinn eftir um 30 ár. Það merkilega er að ég held að enginn hafi slasað sig á steininum. Þakka þér kærlega fyrir, Ámundi gröfumaður. Ásgeir skólastjóri

Kátir fjallagarpar á Esjunni

Í september lögðu krakkarnir í fjórða bekk af stað með strætó að Esjunni.

Það var gott veður fyrir fjallgöngu. Þeir þurftu að taka tvo strætisvagna. Krakkarnir stoppuðu við rætur Esjunnar og fengu sér nesti. Síðan fóru þeir allir af stað upp á fjallið og stoppuðu við læk. Þar var sniglaheimur. Sumir fengu sér að drekka úr Esjulæknum bæði neðst og efst uppi og aðrir léku sér. Þegar krakkarnir voru komnir smá spöl upp var þar flott útsýni. Margir fundu fallega steina sem heita t.d. kristallar og margir fundu stór og safarík krækiber og lítil og sæt jarðarber. Flestir sáu sólstafi og sumir sáu kindur. Krakkarnir löbбуðu um það bil 400 metra upp á Esjuna og borðuðu þar hádegisnestið sitt. Þeir sprettu síðan úr spori niður hóla og hæðir.

Allir voru mjög duglegir í Esjuferðinni. Sólin skein glatt eins og bros krakkanna.

Nemendur í 4.HP/KR

Vetrarfrí

Dagana 2., 3. og 6. nóvember verður vetrarfrí í skólanum. Þegar skólaárið nær yfir tæplega 10 mánuði ársins þykir ástæða til að nemendur og kennarar hafi tækifæri til að taka sér stutt hlé frá vinnunni og mæta svo tvífeld í skólann eftir fríið. Frístundaheimilið verður líka lokað þessa daga.

Bakstur í 10. bekk

Á sunnudaginn var hittust foreldrar og nemendur 10. bekkjar í skólanum. Þar lögðu þeir eldhús skólans undir sig og bökuðu ógrynni af kleinum og kökum. Síðan var gengið í hús í hverfinu þar sem vel var tekið á móti þeim og seldist allt upp. Afraksturinn fer svo í ferðasjóð sem á að nota í vor. Myndir frá sunnudeginum eru komnar á heimasíðu skólans.

Merkingar

Við biðjum aðstandendur að merkja fót barna sinna, töskur, skó og annað sem gæti týnst. Til eru ágætis þvott-ekta merkipennar sem handhægir eru til merkinga. Við munum reyna að gera okkar besta til að koma merktum hlutum til réttra aðila.

Grafík úr myndmenntinni

Þessi fallega grafíkmynd er eftir Kristófer í 6. bekk.



Atvinna í boði

Okkur vantar skólaíðna til starfa. Bæði er um að ræða vinnu í eldhúsi og við gæslu og þrif. Hlutastarf kemur til greina. Áhugasamir tali við Ásgeir Beinteinsson skólastjóra eða Þórð Óskarsson aðstoðarskólastjóra.

Skólaferðalag

Þessi ferð var yndisleg. Reyndar hef ég komið á alla þessa staði áður. En ekki með svona skemmtilegum hóp. Við byrjuðum á því að heimsækja búvélasafnið á Hvanneyri og þar borðuðum við nesti. Svo lá leið okkar yfir Hvítárbrú og var hún í þrengsta lagi. Eftir þessa skemmtilegu upplifun löbbuðum við upp á Grábrók. Þar var heldur hvasst þannig að fólk leitaði skjóls niðri í eins konar holu, en ekki leið á löngu þar til flestir þurftu að forða sér frá þeim stað vegna fljúgandi hraunmola. Síðan fórum við á stað sem nefnist Paradísarlaut og snæddum við samlokur og mandarínur á þessum einstaka stað. En sumir ópokkar vildu stökkva ofan í vatnið af háum klettum, en svo snerist þeim hugur og ekkert varð úr þeim hugsunum. Þegar allir voru saddir lá leið okkar að Hvalfirði og skoðuðum við hvalstöðvar og teygðum úr okkur. Komu svo allir heilu og höldnu heim seinna þennan dýrlega dag.

Vigdís Erla Guttormsdóttir, 9. bekk

Kínversk saga

Gömul kínversk kona átti tvo leirpotta sem hún hengdi á sitt hvorn endann á langri stöng sem hún bar á öxlum sínum. Á hverjum degi sótti hún vatn langa leið í uppsprettu fjarri heimilinu. Annar potturinn var sprunginn eftir endilöngu og var því aðeins hálffullur þegar heim kom. Hinn potturinn var fullkominn og skilaði sér alltaf fullur af vatni eftir þessa löngu leið heim að húsinu. Svona gekk þetta í tvo ár, daglega gekk gamla konan með pottana að uppsprettunni og daglega kom hún heim með aðeins einn og hálfan pott af vatni.

Auðvitað var fullkomni potturinn ánægður með sína frammistöðu en sprungni potturinn skammaðist sín og leið mjög illa þar sem frammistaða hans var aðeins til háls við það sem hann var skapaður til að gera. Eftir tveggja ára vinnu talaði hann til konunnar við uppsprettuna. „Ég skammast mín fyrir frammistöðu mína, vegna sprungunnar á hlið minni lekur helmingurinn af vatninu burt á leiðinni heim. Þú ættir að henda mér og fá þér nýjan pott.“

Gamla konan brosti, „Hefur þú tekið eftir að þín hlið við götuna er blómum skreytt á meðan engin blóm vaxa hinum megin götunnar?“

Það er vegna þess að ég hef alltaf vitað af þessum galla þínum og þess vegna sáði ég fræjum á þinni hlið götunnar og á hverjum degi þegar við göngum heim vökvar þú blómin mín. Ég hef um árabíl getað tínt þessi fallegu blóm og skreytt heimili mitt með þeim. Af því að þú ert eins og þú ert þá hef ég fengið að njóta fegurðar blómanna.“

Það er eins með okkur manneskjurnar, enginn er gallalaus. En það eru gallarnir og sprungurnar sem gera hvern og einn einstakan. Þess vegna er svo spennandi að kynnast og eyða ævinni saman. Við þurfum bara að læra að taka hverri manneskju eins og hún er og sjá jákvæðu hliðarnar hjá hvort öðru.

Frá foreldrafélagi skólans

Aðalfundur félagsins var haldinn 12. október sl. Á fundinn mættu 20 áhugasamir foreldrar. Nýja stjórn foreldrafélagsins skipa Guðlaugur Jóhannsson formaður (Arney í 2. bekk), Ragna Gestsdóttir (Ásgeir í 8. bekk), Elva Björg Einarsdóttir (Ragnhildur í 10. bekk), Guðmundur A. Sigurðsson (Guðbjörg í 9. bekk), Hanna Rún Eiríksdóttir (Gunnar í 2. bekk) og Hildur Anna Hilmarsdóttir (Yrsa í 1. bekk).

Foreldraráð

Á aðalfundi foreldrafélagsins var kosið í foreldraráð. Formaður þess er Gísli Gíslason (Gísli í 6. bekk), aðrir í ráðinu eru Kalman le Sage de Fontenay (Alexander í 10. bekk), Andrés Zoran Ivanovic (Mihael og Karen í 5. og 2. bekk), Jónína Valsdóttir (Þórður í 10. bekk), Kristín Bjarnadóttir (Bjarni í 7. bekk) og Sóley Ragnarsdóttir (Ragnar og Alda í 8. og 1. bekk).

Heimanám fyrir nemendur í 5. – 7. bekk

Því miður sóttu ekki nógu margir um aðstoð við heimanám í skólanum. Því fellur það niður.

Endurskin

Nú er orðið það dimmt á morgnana að þörf er á því að allir sem eru á leið til starfa gangi með endurskinsmerki á fötunum sínum. Þetta á að sjálfsögðu bæði við börn og fullorðna.

Hvernig Háteigsskóli tengist leiðtogafundinum í Höfða

Tuttugu ár eru liðin frá leiðtogafundi Ronalds Reagan, Bandaríkjaforseta, og Mikhails Gorbachev, leiðtoga Sovétríkjanna, í Höfða og er þess minnst með ýmsum hætti.

Æfingaskólinn/Háteigsskóli er tengdur leiðtogafundinum órjúfanlegum böndum. Meðan á leiðtogafundinum stóð heimsótti Raísa Gorbacheva skólann, skoðaði skólastarfið og gaf skólanum stytta sem stendur á langa ganginum á milli skápanna. Styttan heitir Vogleði og sýnir þrjár stúlkur sem eiga að túlka trú, von og kærleika. Á heimasíðu skólans er frétt úr Morgunblaðinu 14. október 1986 sem segir í máli og myndum frá heimsókn Raísu Gorbachevu í skólann.

Gorbachev segir í ævisögu sinni: „Reykjavík markaði kaflaskipti í mannkynssögunni.“ Reagan forseti hefur haldið því fram að þetta hafi verið ein af stærstu stundum lífs hans, eins og dóttir hans hafði eftir honum síðar. Hún sagði líka að Reagan hefði skynjað að Reykjavíkurfundurinn markaði þáttaskil í mannkynssögunni.

☞ Spakmæli mánaðarins: ☜
Sá sem les ekki bækur
hefur ekkert fram yfir þann ólæsa.